

## AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

1. *Gilsbúð 9.*  
Breytingin gerir ráð fyrir stækjun lóðar til norðurs og að bifreiðastæði utan lóðar fyrir stórar bifreiðar falli brott. Byggingarreitur lengist um 10 metra til norðurs.
2. *Breiðakur 2-16, breyting á deiliskipulagi Akra.*  
Breytingin gerir ráð fyrir því að á lóðunum 2-16 komi 2 fjölbýlishús með 16 íbúðum í stað 8 raðhúsa í tveimur samstæðum. Byggingarmagn og hæð húsa breytist ekki.
3. *Garðatorg 6, breyting á deiliskipulagi efra svæðis miðbæjar.*  
Breytingin gerir ráð fyrir því að efri hæðum hússins sem er 3 hæðir með kjallara verði einnig leyfilegt að hafa íbúðir ásamt skrifstofurýmum.
4. *Unnargrund, breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.*  
Breytingin gerir ráð fyrir því að byggingarmagn 7 raðhúsa aukist úr 130 m<sup>2</sup> í 150 m<sup>2</sup> til jafns við önnur raðhús.
5. *Ránargrund 2-4, veitingahússlóð, breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.*  
Breytingin gerir ráð fyrir því að veitingahússlóðin stækki og að 48 bílastæði verði innan lóðar. Hámarksstærð veitingahússins verður 500 m<sup>2</sup> í stað 300 m<sup>2</sup> og hámarkshæð útveggja verður 5,5 m í stað 3,5 m. Ný aðkoma verður frá hringtorgi hjá Unnargrund/Sjávargrund.
6. *Unnargrund 2, breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.*  
Lóðirnar Unnargrund 2-10 verða sameinaðar í eina lóð Unnargrund 2 og lóðarmörk breytast þannig að bílastæði framan við húsin verða innan lóðar. Á lóðinni verði heimilt að byggja hús með 6-7 íbúðum í stað 5 ætluðum hreyfihömluðum ásamt aðstöðu fyrir starfsfólk.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 5. febrúar 2016.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.